



Reykjavík, 21. mars 2018

R17010090

1212

Borgarráð

### *Tillaga um verklagsreglu um eftirlit með viðskiptum við tengda aðila*

Lagt er til að samþykkt verði að taka upp nýja verklagsreglu um eftirlit með viðskiptum við tengda aðila í samræmi við 63. grein ársreikningalaga, sjá hjálögð drög að verklagsreglunni FMS-VLR-150.

Greinargerð

Í samræmi við 63. gr. ársreikningslaga ber Reykjavíkurborg í ársreikningi að gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þar með talið á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast, fjárhæð slíkra viðskipta og aðrar upplýsingar um viðskiptin sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu borgarinnar. Til tengdra aðila teljast kjörnir borgarfulltrúar, aðal- og varamenn í borgarstjórn, borgarstjóri sé hann ekki jafnframt borgarfulltrúi og staðgenglar borgarstjóra. Þá eru makar, ófjárráða börn og aðrir einstaklingar sem háðir fyrrgreindum aðilum einnig skilgreindir tengdir aðilar. Ennfremur eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila skilgreind tengdir aðilar. Þá teljast jafnframt dótturfyrirtæki Reykjavíkurborgar tengdir aðilar en með heimild í 63. gr. ársreiknings-laga þarf ekki að gera sérstaklega grein fyrir viðskiptum við dótturfélög í samstæðu-uppgjöri.

Við gerð ársreiknings skal fletta upp kennitölum aðal- og varamanna í borgarstjórn, borgarstjóra og staðgenglum hans og sækja upplýsingar um maka og ófjárráða börn sem skráð eru á fjölskyldunúmer þeirra. Samhliða skal senda bréf á þessa aðila og tilkynna þeim um þá vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga þar sem jafnframt er óskað eftir upplýsingum um lögaðila sem lúta yfirráðum framangreindra aðila.

Í ársreikningi skal greina frá launum, hlunnindum og mótframlagi í lífeyrissjóð aðal- og varamanna í borgarstjórn og borgarstjóra. Heimilt er að birta samandregin laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð staðgengla borgarstjóra.

Við gerð ársreiknings skal skoða færslur tengdra aðila í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar.

Hafi tengdir aðilar eingöngu átt í óverulegum og hefðbundnum viðskiptum við Reykjavíkurborg sem eru á sömu forsendum og um ótengda aðila er að ræða skal geta þess í ársreikningi. Jafnframt skal tekið fram að gætt hafi verið að hæfisreglum sveitarstjórnarlaga og að tengdir aðilar líkt og aðrir

starfsmenn séu bundnir af 4. gr. siðareglna Reykjavíkurborgar.

Hafi tengdir aðilar átt í viðskiptum sem ekki geta talist hefðbundin eða óveruleg, s.s. kaup eða sala fasteigna, eða ekki á sömu forsendum og um ótengda aðila sé að ræða skal grein fyrir þeim viðskiptum sérstaklega

Mikilvægt er að borgarráð afgreiði þessa tillögu strax svo unnt sé að bregðast við skýrum ábendingum ytri endurskoðenda og endurskoðunarnefndar í tengslum við framlagningu ársreiknings fyrir árið 2017.



Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga að verklagsreglu fjármálaskrifstofu um eftirlit með viðskiptum við tengda aðila samkvæmt ákvæðum ársreikningslaga, FMS-VLR-150.



Númer skjals:	FMS-VLR-150
Skjalalykill:	01.01.07
Útgáfa:	1.0
Útgáfudags.:	22.03.2018
Ábyrgðarmaður:	Borgarráð / Fjármálastjóri

## FMS-VLR-150 Verklagsregla um eftirlit með viðskiptum við tengda aðila samkvæmt ákvæðum ársreikningslaga

### Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að tryggja að Reykjavíkurborg hafi eftirlit með viðskiptum við tengda aðila í samræmi við 63. gr. laga nr. 3/2003 um ársreikninga.

### Ábyrgð

Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og framfylgt.

### Framkvæmd

Í samræmi við 63. gr. ársreikningslaga ber Reykjavíkurborg í ársreikningi að gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast, fjárhæð slíkra viðskipta og aðrar upplýsingar um viðskiptin sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu borgarinnar.

Aðal- og varamenn í borgarstjórn, borgarstjóri sé hann ekki jafnframt borgarfulltrúi, staðgenglar borgarstjóra eru skilgreindir tengdir aðilar Reykjavíkurborgar. Þá eru makar, ófjárráða börn og aðrir einstaklingar sem háðir fyrrgreindum aðilum einnig tengdir aðilar. Þá eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila einnig tengdir aðilar.

Þá teljast jafnframt dótturfyrirtæki Reykjavíkurborgar tengdir aðilar, en með heimild í 63. gr. ársreikningslaga þarf ekki að gera sérstaklega grein fyrir viðskiptum við dótturfélög í samstæðuuppgjöri.

Við gerð ársreiknings skal fletta upp kennitölum aðal- og varamanna í borgarstjórn, borgarstjóra og staðgenglum hans og sækja upplýsingar um maka og ófjárráða börn sem skráð eru á fjölskyldunúmer þeirra. Samhliða skal senda bréf á þessa aðila og tilkynna þeim um þá vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga þar sem jafnframt er óskað eftir upplýsingum um lögaðila sem lúta yfirráðum framangreindra aðila.

Í ársreikningi skal greina frá launum, hlunnindum og mótframlagi í lífeyrissjóð aðal- og varamanna í borgarstjórn og borgarstjóra. Heimilt er að birta samandregin laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð staðgengla borgarstjóra.

Við gerð ársreiknings skal skoða færslur tengdra aðila í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar.

Hafi tengdir aðilar eingöngu átt í óverulegum og hefðbundnum viðskiptum við Reykjavíkurborg sem eru á sömu forsendum og um ótengda aðila er að ræða skal geta þess í ársreikningi. Jafnframt skal tekið fram að gætt hafi verið að hæfisreglum sveitarstjórnarlaga og að tengdir aðilar líkt og aðrir starfsmenn séu bundnir af 4. gr. siðareglna Reykjavíkurborgar.

Hafi tengdir aðilar átt í viðskiptum sem ekki geta talist hefðbundin eða óveruleg, s.s. kaup eða sala fasteigna, eða ekki á sömu forsendum og um ótengda aðila sé að ræða skal grein fyrir þeim viðskiptum sérstaklega.

### Tilvísanir